

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) nr. 518/2013

2015/EES/16/45

frá 13. maí 2013

um aðlögun á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af aðildarsáttmála Króatíu, einkum 4. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af lögum um aðild Króatíu, einkum 50. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til *efúrfarandi*:

- 1) Samkvæmt 50. gr. laganna um aðild Króatíu ætti ráðið, með auknum meirihluta og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, ef þörf er aðlögunar vegna aðildar á gerðum stofnananna frá því fyrir aðild og ekki hefur verið kveðið á um nauðsynlega aðlögun í aðildarlögunum eða í viðaukum við þau, að samþykkja nauðsynlegar gerðir í þessu skyni ef framkvæmdastjórnin samþykkti ekki upphaflegu gerðina.
- 2) Í lokagerð ráðstefnunnar, þar sem aðildarsáttmáli Króatíu var saminn, er tilgreint að hinir háu samningsaðilar hafi náð pólitísku samkomulagi um röð aðlagana að gerðum stofnananna, sem eru nauðsynlegar vegna aðildarinnar, og í henni eru ráðið og framkvæmdastjórnin hvött til að samþykkja aðlaganirnar áður en til aðildar kemur, og þær fullgerðar og uppfærðar, þar sem þörf krefur, með tilliti til þróunar á lögum Sambandsins.

- 3) Í ljósi aðildar Króatíu að Sambandinu ætti að breyta I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (¹) þar sem skilgreind eru svæði, sem eru mynduð af aðildarríkjum með sambærileg skilyrði í landbúnaði og á sviði plöntuheilbrigðis og umhverfis (þ.m.t. loftslagsskilyrði), einkum til að greiða fyrir athugun á umsóknum og veitingu leyfa fyrir plöntuverndarvörum í Sambandinu og gagnkvæmri viðurkenningu á leyfum. Bæta ætti Króatíu á skrána yfir aðildarríki sem tilheyra suðursvæðinu þar eð skilyrði í landbúnaði og á sviði plöntuheilbrigðis og umhverfis í Króatíu eru sambærileg skilyrðum í Búlgaríu, Grikklandi, á Spáni, í Frakklandi, á Ítalíu, Kýpur, Möltu og í Portúgal.
- 4) Því ber að breyta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi með fyrirvara um gildistöku aðildarsáttmála Króatíu og frá og með gildistökudegi hans.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. maí 2013.

Fyrir hönd ráðsins,

S. COVENEY

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 158, 10.6.2013, bls. 72. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2015 frá 25. febrúar 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

VÍÐAUKI

Í stað I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 komi eftirfarandi:

„I. VÍÐAUKI

Skilgreining á svæðum vegna leyfis fyrir plöntuverndarvörum eins og um getur í 17. mgr. 3. gr.

Svæði A – Norður

Eftirfarandi aðildarríki tilheyra þessu svæði:

Danmörk, Eistland, Lettland, Litháen, Finnland, Svíþjóð

Svæði B – Miðja

Eftirfarandi aðildarríki tilheyra þessu svæði:

Belgía, Tékkland, Þýskaland, Írland, Lúxemborg, Ungverjaland, Holland, Austurríki, Pólland, Rúmenía, Slóvenía, Slóvakía, Bretland

Svæði C – Suður

Eftirfarandi aðildarríki tilheyra þessu svæði:

Búlgaría, Grikkland, Spánn, Frakkland, Króatía, Ítalía, Kýpur, Malta, Portúgal“.
